

*1. Hvernig er upplýsingagjöf/samstarfi við leikskólastigið háttað, þ.m.t. niðurstöður í skimunum. Hvernig eru þessar upplýsingar nýttar við upphaf skólagöngu?*

Niðurstöður úr Hljóm2 eru skoðaðar að vori auk athugasemda frá leikskólum og öðrum greiningargögnum ef til eru. Bendi niðurstöður Hljóm2 til vanda fær nemandi aðstoð hjá sérkennara yngsta stigs frá skólabyrjun. Eftir Leið til læsis skimuna í október er þjónusta við nemendur endurskoðuð í takti við skipulag Leiðar til læsis.

*2. Eru kennara sem kenna fyrstu bekkjum lestur sérhæfðir á því sviði og býr yfir möguleikum til að beita ólíkum leiðum í lestrarkennslu og meta hvaða leið hentar hverju barni best?*

Kennarar eru misjafnir eins og þeir eru margir. Kennarar í Álftanesskóla eru með ólíka bakgrunn, sumir sérhæfðir í yngri barna kennslu, aðrir með leikskólaréttindi auk grunnskólaréttinda, sérkennslu o.s.frv. Veit ekki til þess að það séu margir kennarar sérstaklega sérhæfðir í lestrarkennslu. Slíkt nám hefur nú ekki markvisst verið í boði hingað til. Þeir sem hafa valið yngra barna kennslu og sérkennara eru sennilega með mestan grunn í lestrarkennslunni. Kennarar skólans hafa á síðustu árum verið mjög duglegir að sækja öll þau lestrarnámskeið/ráðstefnur sem haldin hafa verið. Allir kennarar á yngsta stigi eru með réttindi til að leggja Leið til læsis fyrir.

*3. Sendir skólinn skýr skilaboð til foreldra allra barna um mikilvægi heimalesturs og ef svo með hvaða leiðum er það gert og hver eru skilaboðin?*

Haldið er námskeið fyrir 1. og 3. bekk fljótlega eftir skólabyrjun sem ætlast er til að a.m.k. einn forráðamaður frá hverju barni mæti á. Á 1. bekkjar námskeiðinu er gerð grein fyrir þeim fræðum sem liggja að baki lestrarnámi og þeim aðferðum sem notaðar eru í Álftanesskóla. Foreldrum er einnig gerð skýr grein fyrir því hvernig ætlast er til að heimalestri sé háttað, að vel sé fylgst með honum og hann skráður í Mentor svo bæði heimili og skóli hafi góða yfirsýn yfir ástundun heimalestrar. Á 3. bekkjar námskeiðinu er meiri áhersla lögð á lesskilning. 1. bekkur fær skilaboð um að lesa 10 mínútur á dag, 2. bekkur 15 mínútur og 3. – 5. bekkur 20 mínútur.

Nemendur í 6. bekk og eldri þurfa ekki að skila daglegum heimalestri með þessum hætti nema þeir séu undir viðmiðum og fá þeir þá skilaboð frá sínum umsjónarkennara/íslenskukennara/sérkennara sem heldur utan um það. Að öðru leyti breytist heimalestur á seinni hluta miðstigs í kjörbókalestur sem ber að skila gögnum um. Nemendur eiga að lesa fimm bækur á önn, skila skýrslu og gildir þetta til einkunnar.

Í vetur var ákveðið að hafa fræðslufund um lesskilning fyrir foreldra nemenda í 7. bekk þar sem þeim var kynnt áttak í lestri og þeirra hlutverk í því skýrt út. Þetta var gert til að bregðast við slökum árangri í árgangnum.

Af og til hafa verið sendir hvatningarpóstar og fræðsla um lestur til allra nemenda, t.d. á vorin til að hvetja til lestrar yfir sumarið.

*4. Hvernig er brugðist við ef það er sýnilegt að barn les ekki nægilega mikið heima?*

Í hvert sinn sem ástundun er send úr mentor fá foreldrar yngri barna upplýsingar um fjölda skipta sem ekki hefur verið lesið heima. Umsjónarkennarar senda tölvupóst með hvatninu ef lestrinum er ábótavant. Ef málin lagast ekki eru foreldrar kallaðir á fund með umsjónarkennara, sérkennara og stundum stjórnanda eða verkefnastjóra í læsi til að fara yfir málin. Í þeim tilfellum sem sýnt þykir að heimilið sé einhverra hluta vegna ekki fært um að sinna heimalestri hefur skólinn

brugðist við og stuðningsfulltrúi eða skólaliði fær það hlutverk að láta barnið lesa daglega rétt eins og um heimalestur væri að ræða.

*5. Hvaða ferli fer í gang ef barn í 1. bekk nær ekki góðum tókum á lestri og/eða barn sem er að hefja nám í skólanum síðar og/eða á unglingastigi (Garðaskóli)*

*a. Er haft samband við foreldra og ef svo hvernig er því háttað?*

*b. Hvenær fer greining fram á stöðu barnsins og mögulegum „bestu“ úrræðum fyrir viðkomandi nemanda, ef svo hver framkvæmir og hvernig?*

Foreldrar fá reglulegar upplýsingar um stöðu síns barns. Nemendur í 1. til 6. bekk fá upplýsingablað með stöðu í lestri sem fer heim til undirritunar foreldra eftir öll lestrarpróf, en nemendur í 7. bekk og eldri fá sínar niðurstöður inn á mentor og póst um að nýjar niðurstöður liggi fyrir. Það ætti því aldrei að ríkja misskilningur um stöðu barns í lestri og þau viðmið sem skólinn hefur.

Í langflestum tilfellum fá börn þjónustu sérkennara ef þau eiga í vanda og þjálfun samkvæmt einstaklings- eða hópnaðsskrá. Í einstaka tilfellum er útbúið þjálfunarefni sem foreldrar eiga að halda utan um og sjá til þess að fari fra heima.

Leið til læsis gefur okkur mjög góða mynd af stöðu nemenda og við lítum ekki á Logos greiningu sem skilyrði fyrir þeirri þjónustu sem við getum boðið upp á. Logos greining fer fram í fyrsta lagi í 4. bekk en aðeins eru tveir sérkennarar innan skólans sem hafa réttindi til að leggja það fyrir og því myndast þó nokkrir biðlistar. Í vetur var í fyrsta sinn prófað að nota Logos skimun í 6. og 9. bekk.

*6. Hvernig er aðstoð / sérkennsla háttað fyrir börn sem ekki ná góðum tókum á lestri? Hvað er gert og hvenær? Hvaða leiðir eru notaðar (eru ólíkar leiðir í boði og metið hvað hentar hverjum og einum), hver sinnir barninu, hvenær fer stuðningurinn fram, og hvernig eru foreldrar tengdir inn í hann?*

Hefðbundið læsismat auk skimana og greininga er notað til að meta þörf. Sum börn þurfa þjálfun í lesfimi, önnur í lesskilningi og orðaforða og einhver í hvoru tveggja. Umsjónarkennarar aðlaga eins og hægt er en sértæk þjálfun fer fram hjá sérkennara stigsins. Nemendur koma úr kennslustofu í rými til sérkennara. Mismunandi er hversu stórt hlutverk foreldra er í þessari þjálfun en oftast er ekki farið heim hluta þjálfunarefnis til að heimalestur og vinna í skóla séu í takt.

*7. Eru foreldrar barna sem ekki ná góðum tókum á lestri boðaðir á fund í skólanum þar sem þeir fá fræðslu um stöðuna og ákjósanlegar leiðir til að vinna með málið - þar sem boðið er upp á samvinnu skóla og heimilis þar sem verkefni hvors um sig í lestrarnámi barnsins eru vel skilgreind?*

Í sumum tilfellum eru foreldrar boðaðir sérstaklega á fund en oft eru námsviðtölin eða símtöl/tölvupóstur nýtt til þess að leggja línurnar.

Tvisvar á ári eru foreldrar kallaði til með sérkennara og umsjónarkennara á yngsta stigi fyrir utan hefðbundið viðtöl þar sem farið er yfir stöðuna og einstaklings- eða hópáætun er kynnt og farið yfir.